

Norðurþing
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Ketilsbraut 9
640 Húsavík



Reykjavík 27. maí 2015
UST201505-004/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis á Húsavíkurhöfða.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 3. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis á Húsavíkurhöfða.

Fram kemur í lýsingu að ofangreint skipulagssvæði er 2,9 ha að stærð og er staðsett á brún Húsavíkurhöfða. Einnig kemur fram að svæðið er óbyggt og að stærstum hluta gömul tún.

Borholur og jarðhitavatn


Umhverfisstofnun bendir á að borun eftir jarðhita á lágghitasvæðum er tilkynningaskyld framkvæmd.


Göngustígar

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að áætlaður göngustígur meðfram klettóttri strönd á svæðinu verði felldur inn í nýtt deiliskipulag.

Umhverfisstofnun telur að öðru leyti að í lýsingu komi fram þær upplýsingar sem gert er ráð fyrir.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri